



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Dís Sigurgeirsdóttir starfandi sviðsstjóri

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um aðstæður í Rökkvatjörn

Þann 22. júní lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um aðstæður í Rökkvatjörn

Nýlega flutti fatlað fólk inn í nýjan íbúðakjarna að Rökkvatjörn 3 en flestir íbúanna eru að fara að heiman í fyrsta sinn. Íbúarnir þurfa mikla aðstoð við flesta hluti og verkefni sem hvíla á starfsfólki eru margvísleg. Komið hefur í ljós að stór galli er á húsinu en þar er ekkert sameiginlegt rými þar sem íbúar geta komið saman, borðað saman og horft saman á viðburði í sjónvarpi. Foreldrar óttast að börn þeirra einangrist í íbúðum sínum, ekki síst ef þau hafa ekki færni til að kalla eftir aðstoð eða félagsskap. Mörg þeirra hafa kvartað yfir einmanaleika og öryggisleysi við að vera ein.

- 1. Hvers vegna mátti ekki vera sameiginlegt rými í nýjum íbúðakjarna fyrir fatlaða?*
- 2. Var ekki haft samráð við foreldra við hönnun, skipulag og útfærslu íbúðakjarnans?*
- 3. Stendur til að finna á þessu lausn?*

Það hlýtur að vera hágur allra, bæði íbúa og starfsmanna að íbúarnir geti átt stundir saman í sameiginlegu rými. Ef horft er t.d. á íbúðakjarna fyrir stúdenta, þá er gert ráð fyrir sameiginlegu rými og þar er um að ræða fólk sem hefur mun meiri möguleika á að vera í samskiptum við annað fólk en íbúarnir við Rökkvatjörn.

Svar:

Nýir íbúðakjarnar sem eru reistir fyrir fatlað fólk eru ekki með sérstaklega skilgreint sameiginlegt rými fyrir íbúa. Ástæðan er sú að bæði fatlað fólk og aðstandendur eru ekki á eitt sáttir um slíkt fyrirkomulag. Sumir myndu vilja sameiginlegt rými, aðrir ekki, það hefur reynslan kennt okkur. Í stað sameiginlegs rýmis er alltaf gert ráð fyrir íbúð sem er bæði skilgreind sem starfsmannaaðstaða og einnig er möguleiki að íbúar nýti þetta rými fyrir sameiginlega viðburði. Ef íbúar vilja stofna íbúaráð og taka þar ákvarðanir um nýtingu umræddrar íbúðar þá aðstoðar forstöðumaður íbúa og styður við ákvarðanir þeirra.

Við skipulag og hönnun Rökkvatjarnar var ekki búið að úthluta húsnæðinu og því ekki ljóst hvaða einstaklingar flyttu inn. Húsnæðið var hannað sérstaklega til að geta mætt stuðningsþörfum einstaklinga með þroskahömlun og skyldar fatlanir í þjónustuflokki II. Ef fyrir liggur hverjir eru að flytja inn þegar húsnæðið verður tilbúið er unnt að bjóða verðandi íbúum, aðstandendum þeirra og/eða persónulegum talsmönnum að taka þátt í ferlinu. Að hönnun Rökkvatjarnar komu auk arkitekta og fulltrúa Félagsbústaða sérfræðingar á skrifstofu málefna fatlaðs fólks með mikla og langvarandi reynslu af starfi með einstaklingum með þroskahömlun og rekstri húsnæðis fyrir fatlað fólk.

Borgarráð samþykkti á fundi þann 11. ágúst sl. viðbótaruppbyggingaráætlun um byggingu allt að 168 íbúða fyrir fatlað fólk, bæði íbúðakjarna, húsnæði með stuðningi og færanleg



Reykjavíkurborg

stuðningsteymi. Þessi samþykkt felur í sér að fyrirsjáanleiki varðandi úthlutun húsnæðis verður mun meiri og í undirbúningi er að vinna persónulegar áætlanir með umsækjendum á bið eftir húsnæði fyrir fatlað fólk hjá Reykjavíkurborg. Það mun fela í sér aukna möguleika á að kalla þá að borðinu sem hlut eiga að máli.